

# Skattavakt PwC

## Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

*Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.*

September 2011  
8. – 9. tölublað

### Efnisyfirlit

- |   |          |
|---|----------|
| <b>Héraðsdómur E-2235/2011</b>  | <b>2</b> |
| Í málinu var deilt um það hvort stefndi hafi við opnun tilboða þann 5. október 2010 verið í vanskilum með opinber gjöld í skilningi útboðsskilmála stefnanda.           |          |
| <b>Lög nr. 110/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu</b>  | <b>3</b> |
| Alþingi samþykkti breytingar á lögum um virðisaukaskatt, lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda í tengslum við skattlagningu á kolvetnisvinnslu. |          |
| <b>Frádráttur á móti dagpeningum innanlands</b>   | <b>3</b> |
| Ríkisskattstjóri breytti fjárhæðum vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands og öðluðust þær gildi 1. júní 2011.   |          |

## **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E- 2235/2011**

Þann 14. ágúst 2010 birti Reykjavíkurborg auglýsingu um útboð á snjóhreins og hálkueyðingu gatna. Í útboðslýsingu kom m.a. fram að ekki yrði gengið til samninga við bjóðanda sem væri í vanskilum með opinber gjöld.

Þann 8. október óskaði Reykjavíkurborg eftir nánar tilgreinum upplýsingum frá stefnda vegna skoðunar á boði hans, þ.á.m. staðfestingar frá viðkomandi innheimtuaðila á að stefndi væri í skilum með öll opinber gjöld.

Stefndi lagði fram yfirlýsingu frá Tollstjóranum í Reykjavík, dags. 11. október, um skuldastöðu stefnda við ríkissjóð, en samkvæmt henni skuldaði stefndi ríkissjóði kr. 6.664.582 í opinber gjöld. Um var að ræða fyrirframgreiðslur vegna tekjuskatts og iðnaðarmálagjalds, sem fallið höfðu í gjalddaga 1.júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september 2010, auk dráttarvaxta af skuldinni.

Þá lagði stefndi fram bréf frá endurskoðanda sínum þar sem því var lýst yfir að stefndi hefði þegar greitt kr. 6.465.345 í fyrirframgreiðslur á árinu 2010 en samtals væri fyrirframgreiðsluskylda stefnda 68% af álögðum gjöldum 2009, eða um 12 milljónir króna. Væntanleg álagning opinberra gjalda stefnda vegna ársins 2009, sem birt yrði um næstu mánaðarmót, yrði 4.321.643, þ.e. 4.046.698 í tekjuskatt og kr. 274.945 í iðnaðarmálagjald. Félagið væri þannig með fyrirframgreiðslum búið að greiða umfram þá álagningu sem það kæmi til með að fá. Skuldin sem tollstjóri væri að staðfesta með yfirlýsingunni frá 11. október 2010, upp á tæplega 6.7 milljónir króna væri því byggð á óuppgerðri fyrirframgreiðsluskyldu sem ekki kæmi til greiðslu.

Ársreikningur stefnda vegna gjaldaársins 2009 fylgdi bréfi endurskoðandans auk bráðabirgðaútreiknings opinberra gjalda 2010. Samkvæmt bráðabirgðaútreikningnum var reiknaður tekjuskattur stefnda kr. 3.372.248 og iðnaðarmálagjald kr. 274.946 en samkvæmt ársreikningnum var reiknaður tekjuskattur kr. 3.421.578.

Þann 11. október framkvæmdi Reykjavíkurborg mat á fjárhagslegu hæfi stefnda á grundvelli innsendra gagna og var niðurstaðan að stefndi uppfyllti ekki hæfiskröfur útboðsgagna þar sem hann væri samkvæmt yfirlýsingu Tollstjórans í Reykjavík frá 11. október í vanskilum með opinber gjöld. Var honum tilkynnt um það samdægurs. Þann 12. október greiddi stefndi framangreindar eftirstöðvar fyrirframgreiðslu og lagði sama dag fram yfirlýsingu frá Tollstjóranum í Reykjavík sem sýndi að hann var þann dag skuldlaus við ríkissjóð vegna opinberra gjalda.

Með bréfi, dags. 15. október 2010, staðfesti ríkisskattstjóri, með vísan til bréf endurskoðanda stefnda, að samkvæmt skattframtali stefnda gjaldárið 2010 yrði álögð gjöld hans 4.321.643 en samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hefði félagið greitt kr. 12.881.896 í fyrirframgreiðslu uppí væntanlega álagningu gjaldárið 2010.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur eru rakin ákvæði 112. og 114. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og reglugerðar nr. 1087/2009 um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2010.

Þá telur dómurinn ljóst að með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 90/2003 og reglugerðar nr. 1087/2009 hafi stefnda verið skylt að viðlögðum dráttarvöxtum að greiða álagðar fyrirframgreiðslur á árinu 2010 enda hafði hann ekki gripið til þeirra úrræða sem honum voru tiltæk samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003 eða reglugerðar nr. 1087/2009 til að fá fyrirframgreiðslurnar lækkaðar eða felldar niður á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann taldi sig búa um fjárhæð væntanlegrar álagningar á árinu 2010.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stefndi hafi verið í vanskilum með opinber gjöld þegar tilboð hans var opnað 5. október 2010 í skilningi útboðsskilmála stefnanda. Stefnda hafi af þeirri ástæðu verið heimilt að víkja boði stefnda frá þar sem það hæfisskilyrði útboðsins að bjóðandi væri ekki í vanskilum með opinber gjöld var ekki uppfyllt. Ekki skipti máli þótt stefndi hefði greitt vanskilin þann 12. október eða þótt stefndi hafi getað sýnt fram á að álagning tekjuskatts- og iðnaðarmálagjalds yrði við álagningu vegna rekstrarársins 2009 lægri

en þær fyrirfram greiðslur sem hann hafði innt af hendi fyrri hluta gjaldársins 2010. Stefndi var á opnunardegi tilboða 5. október í vanskilum við ríkissjóð vegna opinberrar gjalda og er þá hefðbundin kröfuréttarleg merking orðsins vanskil lögð til grundvallar enda ekki rök til annars.

## **Lög nr. 110/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu**

Þann 8. september síðastliðinn samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda í tengslum við skattlagningu á kolvetnisvinnslu.

### **Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt**

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. A, þar sem talið er upp hvað telst ekki til skattskyldrar veltu í tengslum við kolvetnisvinnslu.

### **Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt**

Við 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga bætist nýr málslíður þar sem gerð er grein fyrir hvernig skattleggja skuli rekstrartekjur aðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu en falla ekki undir 2. gr. tekjuskattslaganna. Auk þess bætist við ný málsgrein þar sem orðin „hér á landi“ eru skilgreind.

Við 2. mgr. 29. gr. bætist nýr málslíður þar sem lögfest eru nánari skilyrði fyrir því hvenær megi draga frá eða mynda tap með rekstrarkostnaði. Kveðið er á um að óheimilt sé í sjálfstæðum afmörkuðum verkefnum sem taki til tveggja eða fleiri tekjuára að draga frá eða mynda tap með slíkum rekstrarkostnaði fyrr en verkefnin byrji að afla tekna eða fyrir liggi með skýrum hætti að ekkert verði af tekjuöfluninni.

Þá voru einnig samþykktar breytingar á 1. tölul. 33. gr. og 37. gr. tekjuskattslaga varðandi fyrnanlegar eignir og fyrningarhlutföll.

## **Reglur um breytingu á skattmati vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands**

Frá og með 1. júní 2011 gilda eftirfarandi fjárhæðir vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands:

|                                   |            |
|-----------------------------------|------------|
| Gisting og fæði í einn sólarhring | kr. 26.000 |
| Gisting í einn sólarhring         | kr. 16.600 |
| Fæði hvern heilan dag             | kr. 9.400  |
| Fæði í hálfan dag                 | kr. 4.700  |

Um er að ræða hækkun frá fyrri skattsmatsreglum.

# Skatta- og lögfræðisvið

## PricewaterhouseCoopers ehf.

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlega skattaráðgjöf
- Milliverðlagningu („Transfer pricing“)
- Skattlagningu rekstraraðila
- Skattlagningu einstaklinga
- Virðisaukaskatt
- Félagarétt
- Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

### Ábyrgðarmaður

Friðgeir Sigurðsson

Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs

Sími: +354 550 5366

[fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com](mailto:fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com)

### Ritstjóri

Jóhanna Á. Jónsdóttir

Ráðgjafi/lögfræðingur

Sími: +354 550 5356

[johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com](mailto:johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com)

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að hafast samkvæmt vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2009 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. “PricewaterhouseCoopers” vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megí af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.